

Það athugast, að aðiljum var gefinn kostur á að leiða útgefanda víxlanna, Sigurlaugu M. Jónsdóttur, fyrir dóm til skýrslugjafar, en þeir töldu þess ekki þörf.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernhardsson og Jón F. Einarsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, Útibúi Ísafirði, kr. 1.500.000.00 með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað kr. 140.000.00.

Ofangreindar fjárhæðir ber stefndum að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 196/1970. **Félag starfsfólks í veitingahúsum**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Smáarakaffi h/f**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Sjúkrasjóðsgjald. Orlofsheimilisgjald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. október 1970 og krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 10. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfest-

ur, og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, er stefndi ekki aðili að Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, sem gert hefur kjarasamning þann við áfrýjanda, sem kröfur áfrýjanda í máli þessu eru á reistar. Starfsfólk stefnda á þeim tíma, sem málið varðar, var eigi aðili að samtökum áfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem eigi er fram komið, að stefndi hafi sérstaklega skuldbundið sig til að greiða gjöld þau, er um er rætt í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Félag starfsfólks í veitingahúsum, greiði stefnda, Smáarakaffi h/f, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. september s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. nóvember s.l., af Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Reykjavík, gegn Smáarakaffi h/f, Laugavegi 178, einnig í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. desember 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans.

Sáttatilraunir dómarans báru eigi árangur.

Við fyrirtöku málsins 22. júní s.l. lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir teldu eigi ástæðu til að aðiljar kæmu fyrir dóminn, þar sem þeir gætu eigi frekar útskýrt málavexti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að skuldin sé sjúkrasjóðs-iðgjald og orlofsheimilssjóðsiðgjald, sem veitingamönnum beri að greiða samkvæmt kjarasamningi Sambands veitinga- og gisti-

húsaeigenda og Félags starfsfólks í veitingahúsum (hér eftir nefndir S. V. G. og F. S. V.). Gjöldin séu lögð á árið 1967 fyrir árið 1966 og nemi sjúkrasjóðsiðgjaldið kr. 5.083.00, en orlofsheimilissjóðsiðgjaldið (sem nefnt er „orlofsgjald“ í stefnu) nemi kr. 1.271.00, eða samanlagt stefnufjárhæðinni. Gjöldin séu reiknuð út af skattstofu Reykjavíkur samkvæmt beiðni samningsaðilja og hafi þau verið tilkynnt hinu stefnda félagi með bréfi, dags. 10. desember 1968. Hið stefnda félag hafi ekki greitt gjöldin þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að umræddur kjarasamningur, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 4, sé gerður af stefnanda annars vegar og S. V. G. hins vegar og gildi hann frá 1. júlí 1966, en stefndi hafi ekki þrátt fyrir umsókn fengið aðild að S. V. G. og ekkert af starfsfólki hans á árinu 1966 hafi verið í samtökum stefnanda. Þannig sé ljóst, að nefndur samningur bindi ekki stefnda, enda mundu greiðslur þær, sem stefnt er út af, ekki skapa starfsfólki hans neinn rétt.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að því væri ekki mótmælt, að stefndi sé og hafi verið utan S. V. G., en hélt því jafnframt fram, að það skipti eigi máli fyrir gjaldskyldu stefnda í máli þessu. Rökstuddi hann þessa skoðun sína ítarlega, m. a. með því að benda á eftirfarandi: Að hið stefnda félag reki atvinnu þá, sem kjarasamningur S. V. G. og F. S. V. fjallar um. Að tilgangur sjúkrasjóðs og orlofsheimilissjóðs F. S. V. og annarra launþegafélaga sé hinn sami og með lögnum nr. 16 frá 1958 og nánast framhald þeirrar þróunar, sem þar hafi verið mörkuð um greiðslur í sjúkdóms- og slysatilfellum. Sé greiðslum úr sjúkrasjóði F. S. V. t. d. þannig háttað, að hér sé um dagpeninga að ræða, sem greiðast samanlagt í 84 daga á hverjum 6 mánuðum, og hefjist greiðslur, 7 dögum eftir að samningsbundinni eða lögbundinni kaupgreiðslu lýkur. Að tilgangurinn sé einnig sá, að veikinda- og sjúkdómstilfelli starfsfólks komi léttar niður á atvinnurekendum. Að ýmis hættu sé því samfara að telja þá atvinnurekendur, sem eru utan samtaka, eigi skylduga til að greiða slík gjöld, þar með talin lífeyrisgjöld, þar sem slíkt gæti t. d. leitt til upplausnar samtaka atvinnurekenda. Einnig taldi lögmaður stefnanda, að túlka mætti ýmis lagaákvæði þannig, að lagaskylda væri beinlínis fyrir hendi, að stefndi skuli greiða gjöld þessi. Þannig taldi hann að túlka mætti lög nr. 18 frá 1970, 2. gr., sbr. 4. og 6. gr., svo og lög nr. 54 frá 1960. Taldi hann dómvenju eigi fyrir hendi um þetta efni, en

benti á, að með dómi Hæstaréttar, XXXIX/182, Hörður Hjörleifsson gegn Veitingahúsinu Nausti h/f, væri staðfest, að samningsbundin launakjör séu lágmarkskjör, og hið sama hljóti að eiga við um samningsbundin hlunnindi. Reifaði hann og ítarlega sænskan hæstaréttardóm frá árinu 1968 um greiðslu sjúkrapeninga, en þar voru stúlku dæmdir dagpeningar úr hendi atvinnuveitenda hennar í samræmi við ákvæði í kjarasamningi stéttarfélags hennar, þótt atvinnuveitandinn væri ekki tengdur kjarasamningi þessum og ekkert hefði þeirra í milli verið samið um slíkt, er hún var ráðin til starfa. Að endingu vísaði lögmaðurinn í bréf frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, dskj. nr. 10, þar sem því er lýst yfir að gefnu tilefni frá lögmanninum, að nær undantekningarlaust sé, að vinnuveitendur og aðrir kaupgreiðendur greiði samningsbundin gjöld til styrktarsjóðs Dagsbrúnarmanna og orlofssjóðs Dagsbrúnarmanna án tillits til þess, hvort þeir eru félagsbundnir í samtökum vinnuveitenda eða ekki eða sérstakir samningar hafi verið við þá gerðir. Í bréfi þessu er einnig sagt, að unnt sé að tilgreina tugi eða jafnvel hundruð einstaklinga og fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur, en eru þó ekki meðlimir Vinnuveitendasambands Íslands, sem greiða gjöld þessi reglulega. Taldi lögmaður stefnanda, að þetta sýndi, að venja hefði skapast um greiðslur þær, sem stefnt er út af, og mundi sú venja skera úr, þótt eigi yrði fallizt á, að skyldu stefnda til að greiða mætti leiða af settum lögum eða dómsúrlausnum.

Lögmaður stefnda lýsti því yfir, að hann væri sammála mála-vaxtalýsingu lögmanns stefnanda, en jafnframt, að hann sæi ekki, að rétt væri, að stefnda væri gert að greiða gjöld þessi, þar sem slíkt mundi ekki skapa starfsfólki hans neinn rétt, vegna þess að það væri utan F. S. V. Benti hann á, að tilvik þau, er lögmaður stefnanda hefði fjallað um, hefðu verið þannig, að starfsfólkið hefði verið í félagssamtökum.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að ofan, snýst mál þetta um kröfu launþegafélags, Félags starfsfólks í veitingahúsum, á hendur ákveðnum atvinnurekanda, Smarakaffi h/f, um, að hinn síðarnefndi greiði gjöld samkvæmt samningi, sem heildarsamtök atvinnurekenda í þessari grein, Samband Veitinga- og gistihúsaeigenda, gerði við stefnanda 1. júlí 1966, enda þótt stefndi sé ekki aðili að samningnum. Telja verður, að á sama hátt og atvinnurekendum er frjálst að vera utan samtaka stéttar sinnar, er þeim,

sem utan standa, frjálst að taka á sig skyldur, sem væru þeir innan samtakanna, ef þeir kjósa svo. Þannig verður atvinnurekanda, sem er utan samtaka og kýs að greiða eigi gjöld þessi, ekki gert að gera það, þegar og er á það litið, að starfsfólk hans er eigi í stéttarfélagi því, sem greiðslurnar eiga að renna til. Af þessari ástæðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómari máls þessa var Garðar Gíslason.

#### Dómsorð:

Stefndi, Smáarakaffi h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags starfsfólks í veitingahúsum, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 49/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Gísla Ásmundssyni**

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.  
Ítrekun. Sakarkostnaður.

#### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu. Kom þá fyrir sakadóm vitnið Pétur Stefánsson, fyrrverandi lögregluvarðstjóri. Staðfesti það skýrslur sínar um handtöku ákærða og yfirheyrslu á honum, en efni skýrslanna er rakið í héraðsdómi. Kveður vitnið,